

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2019/2129****2020/EES/26/30****frá 25. nóvember 2019****um að koma á reglum um samræmda beitingu að því er varðar tíðni sannprófunar auðkenna og eftirlits með ástandi tiltekinna sendinga af dýrum og vörum sem koma inn til Sambandsins (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) ⁽¹⁾, einkum a- og c-lið fyrstu undirgreinar 3. mgr. 54. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (ESB) 2017/625 er komið á fót reglum um framkvæmd opinbers eftirlits af hálfu lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna með dýrum og vörum sem koma inn í Sambandið til að sannprófa samræmi við löggjöf Sambandsins um landbúnaðartengda matvælakeðju.
- 2) Með 3. mgr. 54. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 er framkvæmdastjórninni veitt vald til að setja reglur um samræmda beitingu að því er varðar viðeigandi tíðni sannprófunar auðkenna og eftirlits með ástandi sendinga af flokkum dýra og vara sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. 47. gr. þeirrar reglugerðar. Því ætti að ákveða tíðni sannprófunar auðkenna og eftirlits með ástandi með tilliti til þeirrar áhættu sem heilbrigði manna eða dýra eða plöntuheilbrigði, velferð dýra eða, að því er varðar erfðabreyttar lífverur, einnig umhverfinu stafar af hverju dýri, vöru eða flokki dýra eða vara.
- 3) Til að tryggja að sú tíðni eftirlits með ástandi sem krafist er samkvæmt þessari reglugerð sé virt á samræmdan hátt ætti í þessari reglugerð að setja ákvæði um að nota skuli upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit (IMSOC), sem um getur í 131. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, við val á sendingum til eftirlits með ástandi.
- 4) Tíðnin sem er ákveðin í samræmi við þessa reglugerð ætti að gilda um þau dýr og þær vörur, sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, sem ætlunin er að setja á markað. Hins vegar ætti að ákveða tíðni eftirlits með ástandi sem er framkvæmt á landamæraeftirlitsstöðvum til að kanna hvort farið sé að ákvæðum reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 ⁽²⁾ í samræmi við 5. mgr. 45. gr. þeirrar reglugerðar.
- 5) Í tilskipun ráðsins 91/496/EBE ⁽³⁾ er mælt fyrir um reglur um skipulag heilbrigðiseftirlits með dýrum sem flutt eru inn til Sambandsins frá þriðju löndum. Í 4. gr. þeirrar tilskipunar er kveðið á um að allar sendingar af dýrum skuli sæta sannprófun auðkenna og eftirliti með ástandi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 321, 12.12.2019, bls. 122. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 5/2020 frá 7. febrúar 2020 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjútíð. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 frá 30. maí 2018 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 (Stjútíð. ESB L 150, 14.6.2018, bls. 1).

(3) Tilskipun ráðsins 91/496/EBE frá 15. júlí 1991 um setningu meginreglna um fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits með dýrum sem eru flutt til Bandalagsins frá þriðju löndum og breytingu á tilskipunum 89/662/EBE, 90/425/EBE og 90/675/EBE (Stjútíð. EB L 268, 24.9.1991, bls. 56).

- 6) Tilskipun 91/496/EBE er felld úr gildi með reglugerð (ESB) 2017/625 frá og með 14. desember 2019. Með tilliti til þeirrar áhættu fyrir heilbrigði manna eða dýra og velferð dýra sem stafar af tilteknum flokkum dýra ætti sama tíðni sannprófunar auðkenna og eftirlits með ástandi, sem mælt er fyrir um í eða í samræmi við tilskipun 91/496/EBE, að gilda áfram um dýr sem koma inn í Sambandið frá þriðju löndum.
- 7) Til að tryggja skilvirki opinbers eftirlits ætti að framkvæma sannprófun auðkenna og eftirlit með ástandi á þann hátt að ekki sé mögulegt fyrir rekstraraðilann sem ber ábyrgð á sendingunni að sjá fyrir hvort haft verði eftirlit með ástandi einhverrar tiltekinnar sendingar.
- 8) Í 3. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2130 ⁽⁴⁾ eru settar nákvæmar reglur um sannprófun auðkenna, að því er varðar vörur sem um getur í b-lið 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, sem ráða því hvort sendingin fellur undir eftirlit með ástandi eða ekki.
- 9) Setja ætti grunnviðmiðanir til að ákvarða grunntíðni fyrir sannprófun auðkenna og eftirlit með ástandi, sem fram fer með afurðum úr dýraríkinu, kímefni, aukaafurðum úr dýrum, afleiddum afurðum, heyi og hálm og samsettum afurðum, að teknu tilliti til upplýsinga er varða þá áhættu sem tengist flokkum dýra eða vara og fyrirliggjandi vísindalegra mata.
- 10) Á grundvelli upplýsinga sem framkvæmdastjórnin safnar, í samræmi við 1. mgr. 125. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, um útkomu úr eftirliti af hálfu sérfræðinga framkvæmdastjórnarinnar í þriðju löndum í samræmi við 1. mgr. 120. gr. þeirrar reglugerðar og upplýsinga sem er safnað í gegnum upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit ætti að vera unnt að breyta þeirri tíðni eftirlits með ástandi sem byggð er á grunntíðninni.
- 11) Til að tryggja skilvirki opinbers eftirlits ætti að gera tíðnina, sem er ákvörðuð í samræmi við þessa reglugerð, aðgengilega í gegnum upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit.
- 12) Að því er varðar tiltekin þriðju lönd, sem Sambandið hefur gert jafngildissamninga við um heilbrigði dýra og dýraafurða, þykir rétt að draga úr tíðni eftirlits með ástandi tiltekinna afurða, m.a. með tilliti til beitingar meginreglunnar um svæðaskiptingu ef um er að ræða dýrasjúkdóm og annarra meginreglna um heilbrigði dýra og dýraafurða. Því ætti tíðni eftirlits með ástandi sem er tilgreind í umræddum samningum um heilbrigði dýra og dýraafurða að gilda að því er varðar þessa reglugerð.
- 13) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/360/EB ⁽⁵⁾ var fastsett lægri tíðni eftirlits með ástandi tiltekinna flokka af vörum sem falla undir heilbrigðiseftirlit með dýrum og dýraafurðum. Þar eð mælt er fyrir um ákvæði í þessari reglugerð á sviðum sem falla undir ákvörðun 94/360/EB ætti að fella þá ákvörðun úr gildi frá og með dagsetningunni sem er tilgreind í þessari reglugerð.
- 14) Reglugerð (ESB) 2017/625 gildir frá 14. desember 2019. Til samræmis við það ættu reglurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, einnig að koma til framkvæmda frá og með þeirri dagsetningu.
- 15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur um samræmda beitingu að því er varðar viðeigandi tíðni sannprófunar auðkenna og eftirlits með ástandi sendinga af dýrum og vörum sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 sem ætlunin er að setja á markað.

⁽⁴⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2130 frá 25. nóvember 2019 um að koma á ítarlegum reglum um þá starfsemi sem á að fara fram á meðan og á eftir sannprófun skjala, sannprófun auðkenna og eftirliti með ástandi dýra og vara sem falla undir opinbert eftirlit á landamæraeftirlitsstöðvum (Stjtíð. ESB L 321, 12.12.2019, bls. 128).

⁽⁵⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/360/EB frá 20. maí 1994 um lægri tíðni eftirlits með ástandi tiltekinna afurðasendinga sem eru fluttar inn frá þriðju löndum samkvæmt tilskipun ráðsins 90/675/EBE (Stjtíð. EB L 158, 25.6.1994, bls. 41).

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „tíðni“: það lágmarkshlutfall sendinga af dýrum og vörum, sem um getur í 1. gr., ákvarðað í samræmi við þessa reglugerð, af þeim fjölda sendinga sem koma á landamæraeftirlitsstöð á tilgreindu tímabili sem eiga að falla undir sannprófun auðkenna og eftirliti með ástandi af hálfu lögbærra yfirvalda,
2. „upplýsingastjórnunarkerfi fyrir opinbert eftirlit (IMSOC)“: upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit sem um getur í 131. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625.

3. gr.

Val á sendingum til eftirlits með ástandi

1. Lögbær yfirvöld skulu velja sendingar til eftirlits með ástandi í samræmi við eftirfarandi verklagsreglur:
 - a) upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit velur sendingu með sjálfvirku slembiúrtaki,
 - b) lögbær yfirvöld mega ákveða að velja sendingu í samræmi við a-lið eða að velja aðra sendingu í sama flokki vara og af sama uppruna.
2. Lögbær yfirvöld skulu inna af hendi sannprófun auðkenna, eins og um getur í 1. mgr. 3. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/2130, að því er varðar hverja sendingu sem er valin til eftirlits með ástandi í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar.

4. gr.

Tíðni sannprófunar auðkenna og eftirlits með ástandi

1. Lögbær yfirvöld skulu inna af hendi sannprófun auðkenna og eftirlit með ástandi sendinga af dýrum, afurðum úr dýraríkinu, kímefni, aukaafurðum úr dýrum, afleiddum afurðum, heyi og hálm og samsettum afurðum með þeirri tíðni sem er ákvörðuð í samræmi við 5. gr.
2. Að því er varðar þriðju lönd, sem eru skráð í II. viðauka „sem Sambandið hefur gert jafngildissamninga við skal framkvæma eftirlit með ástandi í samræmi við þá tíðni sem ákveðin var með þeim samningum.

5. gr.

Ákvörðun og breyting á tíðni sannprófunar auðkenna og eftirlits með ástandi sem fer fram á dýrum, afurðum úr dýraríkinu, kímefni, aukaafurðum úr dýrum, afleiddum afurðum, heyi og hálm og samsettum afurðum

1. Grunn tíðni fyrir sannprófun auðkenna og eftirlit með ástandi sendinga af dýrum og vörum, sem um getur í 1. gr., er sett fram í I. viðauka við þessa reglugerð á grundvelli þeirra vísindalegu mata og upplýsinga sem um getur í v. og vi. lið a-liðar fyrstu undirgreinar 3. mgr. 54. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625.
2. Auka má tíðni eftirlits með ástandi tiltekinna vara frá tilteknu þriðja landi þegar alvarlegir ágallar greinast á grundvelli:
 - a) upplýsinga sem framkvæmdastjórnin safnar í samræmi við 1. mgr. 125. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 eða
 - b) útkomu úr eftirliti af hálfu sérfræðinga framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 1. mgr. 120. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625.

Í því tilviki er tíðnin, sem var ákvörðuð í samræmi við 1. mgr., aukin upp í næstu grunntíðni fyrir ofan, sem er sett fram í I. viðauka, eða upp í 50% tíðni þegar sú tíðni sem á við fyrir þennan tiltekna vöruflokk er 30%.

3. Ef gögn og upplýsingar, sem er safnað í gegnum upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit, gefa til kynna að ekki sé farið að tilskildum ákvæðum varðandi tiltekna vörur frá tilteknu þriðja landi að því er varðar eftirlit með ástandi á síðustu 12 mánuðum fyrir sama vöruflokk, sem nemur meira en 30% af meðaltíðninni fyrir brot gegn reglum fyrir vörur af sama flokki frá öllum þriðju löndum, skal tíðni eftirlits með ástandi aukin frá grunntíðninni sem var ákveðin í samræmi við 1. mgr. og upp í næstu grunntíðni fyrir ofan sem er sett fram í I. viðauka eða upp í 50% tíðni ef viðeigandi tíðni fyrir þennan tiltekna vöruflokk er 30%.
4. Þegar þær viðmiðanir sem um getur í 2. mgr. eða 3. mgr. eru ekki lengur uppfylltar skal dregið úr tíðninni niður í viðeigandi grunntíðni sem sett er fram í I. viðauka.
5. Framkvæmdastjórnin skal gera tíðnina sem er ákveðin í samræmi við þessa grein aðgengilega fyrir lögbær yfirvöld og rekstraraðila í gegnum upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit.

6. gr.

Niðurfellingar

Ákvörðun 94/360/EB fellur úr gildi frá og með 14. desember 2019.

7. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 14. desember 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. nóvember 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Grunnvíðmiðanir til að ákvarða grunntíðni fyrir sannprófun auðkenna og eftirlit með ástandi sendinga af dýrum, afurðum úr dýraríkinu, kímefni, aukaafurðum úr dýrum, afleiddum afurðum, heyi og hálmni og samsettum afurðum

Grunnvíðmiðanir til að ákvarða grunntíðni fyrir sannprófun auðkenna og eftirlit með ástandi		Grunntíðni sem gildir um	
Áhættuflokkur	Flokkur dýra eða vara (*)	sannprófun auðkenna	eftirlit með ástandi
I	Dýr	100%	100%
II	<ul style="list-style-type: none"> — Hakkað kjöt, vélúrbeinað kjöt og unnin kjötvara til manneðis — Alifuglakjöt til manneðis — Kanínukjöt, kjöt af veiðidýrum og kjötafurðir úr þeim til manneðis — Egg til manneðis — Eggjaafurðir til manneðis sem eru geymdar frystar eða kældar — Mjól til manneðis — Mjólkurafurðir og afurðir, að stofni til úr broddi, til manneðis, sem eru geymdar frystar eða kældar — Lagarafurðir úr lagareldi og samlokur til manneðis sem eru ekki í lofþéttum ílátum sem er ætlað að halda þeim óskemmdum við umhverfishita — Aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir til fóðrunar alidýra 	100%	30%
III	<ul style="list-style-type: none"> — Kjöt, annað en kjöt sem um getur í II. flokki, og kjötafurðir úr slíku kjöti, til manneðis — Brædd dýrafita og hamsar til manneðis — Alifuglakjöt til manneðis — Eggjaafurðir til manneðis, aðrar en þær sem um getur í II. flokki — Mjólkurafurðir og afurðir, að stofni til úr broddi, til manneðis, aðrar en þær sem um getur í II. flokki — Lagarafurðir aðrar en þær sem um getur í II. flokki — Hunang og aðrar býræktarafurðir til manneðis — Samsettar afurðir — Útungunaregg — Lífrænn áburður og jarðvegsbætur úr aukaafurðum úr dýrum — Froskalappir og sniglar til manneðis — Skordýr til manneðis 	100%	15%
IV	<ul style="list-style-type: none"> — Gelatín og kollagen til manneðis — Garnir — Sæði og fósturvísar — Aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir, aðrar en þær sem um getur í II. og III. flokki 	100%	5%
V	<ul style="list-style-type: none"> — Mikið unnar afurðir til manneðis — Hey og hálmur — Afurðir, aðrar en þær sem um getur í II., III. og IV. flokki 	100%	1%

(*) Tíðni eftirlits með ástandi sendinga af vörusýnishornum skal vera í samræmi við lýsinguna á vöruflokkunum í þessum viðauka.

*II. VIÐAUKI***Skrá yfir tiltekin þriðju lönd sem um getur í 2. mgr. 4. gr. og tíðni eftirlits með ástandi****1. Nýja-Sjáland**

Fyrir Nýja-Sjáland skal tíðnin vera sú sem kveðið er á um í samningnum sem var samþykktur með ákvörðun ráðsins 97/132/EB ⁽¹⁾ í formi bréfaskipta um bráðabirgðabeitingu samningsins milli Evrópubandalagsins og Nýja-Sjálands um ráðstafanir á sviði hollustuhátta sem gilda um viðskipti með lifandi dýr og dýraafurðir.

2. Kanada

Fyrir Kanada skal tíðnin vera sú sem kveðið er á um í VIII. viðauka við samninginn sem var samþykktur með ákvörðun ráðsins 1999/201/EB ⁽²⁾.

3. Chile (Síle)

Fyrir Chile (Síle) skal tíðnin vera sú sem kveðið er á um í samningnum um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna sem gilda um viðskipti með dýr og dýraafurðir, plöntur, plöntuafurðir og aðrar vörur og velferð dýra sem er settur fram í IV. viðauka við samstarfssamninginn sem var samþykktur með ákvörðun ráðsins 2002/979/EB ⁽³⁾.

⁽¹⁾ Ákvörðun ráðsins 97/132/EB frá 17. desember 1996 um gerð samnings milli Evrópubandalagsins og Nýja-Sjálands um ráðstafanir á sviði hollustuhátta sem gilda um viðskipti með lifandi dýr og dýraafurðir (Stjttíð. EB L 57, 26.2.1997, bls. 4).

⁽²⁾ Ákvörðun ráðsins 1999/201/EB frá 14. desember 1998 um gerð samnings milli Evrópubandalagsins og ríkisstjórnar Kanada um hreinlætisráðstafanir til að vernda heilbrigði manna og dýra að því er varðar viðskipti með dýr á fæti og dýraafurðir (Stjttíð. EB L 71, 18.3.1999, bls. 1).

⁽³⁾ Ákvörðun ráðsins 2002/979/EB frá 18. nóvember 2002 um undirritun og bráðabirgðabeitingu tiltekinna ákvæða samnings um að koma á samstarfi milli Evrópubandalagsins og aðildarríkja þess annars vegar og lýðveldisins Chile hins vegar (Stjttíð. EB L 352, 30.12.2002, bls. 1).